

Úttekt á skjalageymslum Stjórnarráðs Íslands

Heildarskýrsla

Þjóðskjalasafn Íslands | Október 2016



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Úttekt á skjalageymslum Stjórnarráðs Íslands
– Heildarskýrsla

Samantekt:

Árni Jóhannsson

Ritstjórn:

Árni Jóhannsson og Njörður Sigurðsson

Hönnun og umbrot:

Kría hönnunarstofa

Útgefandi:

Þjóðskjalasafn Íslands

Laugavegi 162

105 Reykjavík

5903300

upplýsingar@skjalasafn.is

www.skjalasafn.is

© Október 2016 Þjóðskjalasafn Íslands

Úttekt á skjalageymslum Stjórnarráðs Íslands

Heildarskýrsla

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|----|
| 1. Inngangur | 4 |
| 2. Framkvæmd og úrvinnsla úttektar | 4 |
| 3. Meginniðurstöður | 5 |
| 3.1 Fjöldi skjalageymslna og skjalamagn..... | 5 |
| 3.2 Aðgengi að skjalageymslum | 6 |
| 3.3 Hiti og rakastig | 7 |
| 3.4 Vatnshætta í skjalageymslunum..... | 8 |
| 3.5 Eldvarnir..... | 10 |
| 3.6 Ljós, gluggar, veggir og gólf | 11 |
| 4. Hvað þurfti að bæta og viðbrögð ráðuneyta | 12 |
| 4.1 Það sem betur mátti fara..... | 12 |
| 4.2 Viðbrögð ráðuneytanna..... | 12 |
| 5. Eftirfylgni og næstu skref | 15 |
| Viðauki 1 | 16 |
| – Spurningalisti notaður við úttekt á skjalageymslum..... | 16 |
| Viðauki 2 | 21 |
| – Bréf til ráðuneytisstjóra | 21 |

1. INNGANGUR

Að beiðni skjalastjóra í Stjórnarráði Íslands framkvæmdi Þjóðskjalasafn Íslands úttekt á skjalageymslum ráðuneytanna á tímabilinu 18. ágúst til 16. október 2014. Beiðnin kom í kjölfar vatnstjóns sem varð í skjalageymslu utanríkisráðuneytisins í marsmánuði árið 2012. Skjalageymslur ráðuneytanna voru flestar ósamþykktar af Þjóðskjalasafni Íslands og uppfylltu margar þeirra ekki lágmarkskröfur um skjalageymslur.

Ráðuneyti á Íslandi eru átta talsins og mynda þau og ráðherrar í ríkisstjórn Íslands Stjórnarráð Íslands.¹ Ráðuneytin eru forsætisráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, utanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti. Öll ráðuneytin eru í Reykjavík.

Í þessari skýrslu er að finna meginniðurstöður úttektar á skjalageymslum ráðuneytanna. Niðurstöður fyrir hvert ráðuneyti voru sendar viðkomandi ráðuneyti í desember 2015. Úttektina og skýrsluna vann Árni Jóhannsson, skjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands.

2. FRAMKVÆMD OG ÚRVINNSLA ÚTTEKTAR

Við framkvæmd úttektar á skjalageymslum Stjórnarráðs Íslands var hafður til hliðsjónar alþjóðlegur staðall um skjalageymslur, ISO11799:2003. Information and documentation – Document storage requirements for archive and library materials. (Genf 2003) og leiðbeiningarrit Þjóðskjalasafns Íslands, einkum 14. kafli Handbókar um skjalavörslu sveitarfélaga (Reykjavík 2010), sem inniheldur leiðbeiningar um skjalageymslur afhendingarskyldra aðila.

Starfsmaður Þjóðskjalasafns heimsótti ráðuneytin um haustið 2014 og fékk að skoða skjalageymslur þeirra. Áður hafði verið send formleg tilkynning um heimsóknina og var í henni beðið um upplýsingar um eftirfarandi:

- Tengilið sem hægt er að hafa samband við og getur tekið á móti starfsfólki safnsins og fylgt því í úttektarheimsókninni, ásamt því að geta veitt upplýsingar um skjalageymslurnar.
- Hvað hefur ráðuneytið yfir mörgum skjalageymslum að ráða og hvar eru þær?
- Hvaða starfsfólk hefur aðgengi að skjalageymslunum?
- Eru skjalageymslur undir jarðvatnsyfirborði eða hæstu sjávarstöðu?

Starfsmaður Þjóðskjalasafns fékk aðgang að geymslum ráðuneytanna og fyllti út eyðublöð með stöðluðum spurningum (sjá spurningar í viðauka 1). Þeir þættir sem skoðaðir voru í heimsókninni voru eftirfarandi:

- Staðsetning geymslna, fjöldi þeirra og stærð.
- Aðgengi að skjalageymslunum, t.d. þjófavarnir og aðgengi starfsfólks og hvers konar skjöl eru geymd í þeim þ.m.t. hvort trúnaðarskjöl væri að finna í geymslunum.
- Hita- og rakastig í geymslunum skv. mælingum á staðnum.

1. Forsetaúrskurður um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti nr. 99/2012, <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=43343e04-1cdf-44b6-9226-38e6c27bfe61>. Lög um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011, <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2011115.html>.

- Vatnshætta sem steðjar að geymslunum, t.d. hvort vatnslagnir væru í geymslum.
- Eldvarnir, t.d. hvort reykskynjarar og slökkvitæki væru á staðnum.
- Ljós, gluggar, frágangur gólfa og veggja.

Úrvinnsla á niðurstöðum úttektanna fór fram árin 2015 og 2016. Gerð var skýrsla með niðurstöðum og tillögum til úrbóta fyrir hvert ráðuneyti og gafst þeim tækifæri til að gera athugasemdir við skýrsluna áður en hún yrði formlega send út til þeirra. Í desember 2015 voru niðurstöðurnar sendar til hvers ráðuneytis ásamt bréfi þar sem óskað var eftir tímasettri áætlun um úrbætur (sjá kafla 4).

3. MEGINNIÐURSTÖÐUR

Hér verður greint frá meginniðurstöðum úttektar á skjalageymslu ráðuneytanna sem mynda Stjórnarráð Íslands. Í textanum er vísað í spurningar af úttektareyðublaðinu sem finna má í Viðauka 1.

3.1 Fjöldi skjalageymslna og skjalamagn

Ráðuneytin átta hafa í sinni umsjá 19 geymslur undir skjöl sín sem allar eru í Reykjavík (spurning 1A) og er hægt að geyma tæplega 5,4 hillukílómetra af skjölum í þeim samanber töflu 1 (spurning 2V). Upplýsingar um hversu marga hillumetra hvert ráðuneyti geymdi í geymslum sínum voru ekki á reiðum höndum þegar starfsmaður Þjóðskjalasafns kom í heimsókn (spurning 2W). Tafla 1 sýnir hversu marga hillumetra hvert ráðuneyti getur geymt af skjölum og hversu margar geymslur hvert ráðuneyti hefur í sinni umsjá.

Meirihluti ráðuneytanna, eða sex ráðuneyti af átta, hafa aðstöðu í geymslunum fyrir starfsmenn til að ganga frá og leita í skjölum ráðuneytanna (spurning 2D). Þetta á samt ekki við allar geymslur hjá þeim ráðuneytum sem hafa fleiri en eina skjalageymslu í sinni umsjá. Gera þarf ráð fyrir því að hægt sé að vinna með skjölin í skjalageymslunum og eru hillur eða borð til að leggja skjöl frá sér nauðsynleg.²

Aðeins eitt ráðuneyti varðveitir skjöl fyrir aðra stofnun (spurning 2B). Því falla sjö af átta ráðuneytum undir þær kröfur sem kafi 5.1 í staðli um skjalageymslur gerir, um að varna því að óviðkomandi komist í skjalageymslurnar.

| Ráðuneyti | Hm | Fjöldi geymslna |
|-------------------------------------|-------|-----------------|
| Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | 134 | 1 |
| Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 521 | 5 |
| Forsætisráðuneyti | 290 | 2 |
| Innanríkisráðuneyti | 2.500 | 1 |
| Mennta- og menningarmálaráðuneyti | 422 | 1 |
| Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 228 | 1 |
| Utanríkisráðuneyti | 726 | 4 |
| Velferðarráðuneyti | 648 | 4 |
| Heild | 5.469 | 19 |

Tafla 1 Fjöldi skjalageymslna og hillumetra í umsjá ráðuneytanna

2. Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga. Ritstjóri Njörður Sigurðsson. (Reykjavík 2010), bls. 85.

3.2 Aðgengi að skjalageymslum

Mikilvægt er að varna því að óviðkomandi aðilar komist í skjalageymslur til að tryggja varðveislu skjala og aðgengi að trúnaðarupplýsingum. Liður í því er að setja reglur um aðgengismál.³

Skjalastjórar og starfsmenn skjalasafna ráðuneytanna hafa aðgang að skjalageymslum sinna ráðuneyta en misjafnt er milli ráðuneyta hvaða aðrir starfsmenn hafa aðgang að geymslunum. Vegna starfa sinna hafa öryggisverðir og húsverðir jafnframt almennt aðgengi að geymslunum og einnig var nefnt að hrein-gerningarfólk hefði aðgang. Í nokkrum ráðuneytum höfðu stjórnendur aðgang og umsjónarmenn tölvukerfa þar sem tölvukerfi voru í geymslunum. Í einu ráðuneyti hafa allir starfsmenn aðgang að skjalageymslum (spurning 1B). Mikilvægt er að aðgengi að skjalageymslum sé stýrt og takmarkað við fáa starfsmenn. Það eykur öryggi og varðveislu gagnanna.

Hjá öllum ráðuneytum þarf rafrænan lykil eða lykilkort til að komast inn í húsnæði viðkomandi ráðuneytis þannig að óviðkomandi eiga ekki aðgang inn á starfssvæði ráðuneytanna þar sem flestar skjalageymslurnar eru. Geymslurnar eru svo flestar læstar með hefðbundnum lykllum sem skjalastjórar geyma. Húsnæði allra ráðuneytanna er búið þjófavörnum en mælt er með því að hægt sé að fylgjast með því hvort hreyfing sé inni í skjalageymslum (spurning 2C).⁴ Meirihluti ráðuneytanna er ekki með slíka skynjara í skjalageymslu sinni, aðeins tvö eru með hreyfiskynjara líkan þeim sem sést á mynd 5.



Mynd 1 Dæmi um hillur í skjalageymslum ráðuneytanna



Mynd 2 Dæmi um hillur í skjalageymslum ráðuneytanna



Mynd 3 Dæmi um hillur í skjalageymslum ráðuneytanna

3. ISO_11799:2003. *Information and documentation – Document storage requirements for archive and library materials.* (Genf 2003), bls. 2-3.

4. ISO_11799:2003. *Information and documentation – Document storage requirements for archive and library materials.* (Genf 2003), bls. 5.



Mynd 4 Dæmi um hillur í skjalageymslum ráðuneytanna



Mynd 5 Dæmi um hillur í skjalageymslum ráðuneytanna

3.3 Hiti og rakastig

Pappírsskjöl, sem geymd eru í skjalageymslum, eru búin til úr efnum sem eru lífræn að uppruna. Mikilvægt er að gæta að hita- og rakastigi í skjalageymslum til að tryggja varðveislu skjala. Kjöraðstæður fyrir varðveislu pappírs eru á bilinu 2° til 18° C þar sem daglegar sveiflur í hitastigi eru ekki meiri en ein gráða ($\pm 1^{\circ}$). Rakastig í kjöraðstöðum til varðveislu er á bilinu 30% til 45% og mega daglegar sveiflur ekki vera meiri en þrjú prósent ($\pm 3\%$). Þar sem starfsfólk þarf að sinna verkefnum inni í skjalageymslum er mælt með því að hitastigið sé á bilinu 14° til 18° C þar sem dagleg sveifla í hitastigi er ekki meiri en ein gráða ($\pm 1^{\circ}$). Rakastigið í þannig aðstöðum ætti að vera 35% til 50% þar sem daglegar sveiflur eru ekki meiri en þrjú prósent ($\pm 3\%$). Því má segja að hitastig eigi ekki að vera hærra en 18° C og ekki lægra en 2° C og að raki eigi ekki að fara yfir 50% og ekki undir 30%.⁵

Við mælingu á hita- og rakastigi í skjalageymslum ráðuneytanna var notaður stafrænn hita- og rakamælir. Þegar mælt var voru þrjú gildi tekin en mælirinn er þeim eiginleikum gæddur að mæla hitastigið eins og það var, þegar starfsmaður var í úttektarheimsókninni, ásamt því að mæla hitastigið sem það getur orðið hæst og lægst. Sama gildir þegar rakastig í skjalageymslum var mælt.



Mynd 6 Ofnar geta verið ástæða þess að hitastig er of hátt í skjalageymslum



Mynd 7 Á myndinni sést loftinntak sem getur verið nytsamlegt til að viðhalda réttu hita- og rakastigi

5. ISO_11799:2003, bls. 11-12.

Almennt eru skjalageymslur ráðuneytanna of heitar og aðeins ein skjalageymsla af 19 var ekki of heit þegar mæling var gerð í úttektaheimsóknunum. Meðalhitastigið í skjalageymslunum mældist 22,7° C þegar mælingar fóru fram en æskilegt hitastig er 18° C eins og að framan greinir (spurning 2G).

| | Meðaltal | Hæsta gildi | Lægsta gildi |
|----------------------|----------|-------------|--------------|
| Almennt hitastig | 22,7° C | 27° C | 17,8° C |
| Hæsta hitastig | 23,3° C | 27° C | 19,3° C |
| Lægsta hitastig | 22,1° C | 26,7° C | 14,6° C |
| Frávik frá 18° C | 4,7° C | 9° C | -0,2° C |
| Sveiflur í hitastigi | 1,7° C | 4,7° C | 0,1° C |

Tafla 2 Hitastig í skjalageymslum ráðuneytanna

Aðeins eitt ráðuneyti sagðist lækka hitastigið á nóttunni (spurning 2I) og um helgar til að spara orku en mælt er gegn því til að koma í veg fyrir sveiflur í hita- og rakastigi sem geta haft slæm áhrif á skjöl í skjalageymslunum. Í flestum skjalageymslum ráðuneytanna eru ofnar en ekki er mælt með því að hitastig vatns í ofnakerfum sé hærra en 60° C. Einungis eitt ráðuneyti sagði að hitastigið væri hærra en það í ofnakerfinu (spurning 2H).⁶

Aðeins var hitamælir í einni og rakamælir í tveimur af 19 skjalageymslum ráðuneytanna. Nauðsynlegt er að mælitæki séu til staðar í skjalageymslum til að fylgjast með hita- og rakastigi. Gera þarf mælingar reglulega á mismunandi tímum sólarhrings og á ólíkum tímum árs.⁷ Þar sem flestar skjalageymslur ráðuneytanna voru of heitar og mæling sýndi að sveiflur í hitastigi geta orðið of miklar, eins og sjá má í töflu 2, er ljóst að stýra þarf þessum þáttum betur. Í ljós kom að ekkert ráðuneytanna hafði tæki til að stýra hita- og rakastigi í sínum geymslum (spurning 2K).

Rakastig í skjalageymslum ráðuneytanna var í öllum tilfellum innan þeirra marka sem æskilegt er (30–50%). Að meðaltali var rakastig í skjalageymslum ráðuneytanna 40,9%. Sveiflur gátu að meðaltali orðið 9,9% en æskilegt er að sveiflur verði ekki meiri en 3% (spurning 2J).

3.4 Vatnshætta í skjalageymslunum

Skjölum stafar líklegast mest hætta af vatnslekum í skjalageymslum. Mikilvægt er að fyrirbyggja að tjón geti orðið á skjölum ef vatnsleka verður vart. Helst ættu vatnsleiðslur ekki að vera í skjalageymslum. Ef því er ekki viðkomið þarf að ganga frá vatnsleiðslum þannig að vatn komist ekki að skjölunum verði leki. Þá þarf að huga að því að hillur sem geyma skjöl séu minnst 15 cm frá gólfi og að niðurföll séu í geymslunum.⁸

Mikilvægt er að skjalageymslur séu ekki undir sjávarborði eða hæstu sjávarstöðu vegna hættu á flóði sem því fylgir. Skjalageymslur flestra ráðuneyta eru yfir sjávarborði eða hæstu sjávarstöðu en skjalageymsla eins ráðuneytis er undir sjávarborði eða hæstu sjávarstöðu (spurning 1C). Gerð er krafa um að niðurföll séu í skjalageymslunum til að koma vatni frá ef ske kynni að vatnsleki yrði. Skjalageymslur tveggja ráðuneyta eru búnar niðurföllum en með réttu ættu allar skjalageymslur að hafa niðurföll (spurning 2F), sérstaklega þegar litið er til þeirrar staðreyndar að í fimm af átta skjalageymslum ráðuneytanna eru vatnsleiðslur sem mögulega geta lekið og valdið skaða.

6. Kristjana Kristinsdóttir: *Skjalavarsla stofnana. Handbók*. (Reykjavík 1995), bls. 76.

7. ISO_11799:2003, bls. 6-7.

8. *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga*. Ritstjóri Njörður Sigurðsson. (Reykjavík 2010), bls. 85.


Frágangur vatnsleiðslna í geymslum er á ýmsa vegu, í sumum skjalageymslum er smíðaður stokkur utan um leiðslurnar sem getur tafið vatnsleka en hjá öðrum ráðuneytum eru vatnsleiðslurnar berar, sjá myndir 9-14 (spurning 2E).



Mynd 8 Bakvið vegginn eru vatnsleiðslur



Mynd 9 Dæmi um vatnsleiðslur í skjalageymslum ráðuneytanna



Mynd 10 Dæmi um vatnsleiðslur í skjalageymslum ráðuneytanna



Mynd 11 Vatnsleiðslur klæddar í stokk í skjalageymslu eins ráðuneytis



Mynd 12 Dæmi um vatnsleiðslur í skjalageymslum ráðuneytanna



Mynd 13 Dæmi um vatnsleiðslur í skjalageymslum ráðuneytanna



Mynd 14 Brunnðæla í gólfi skjalageymslu eins ráðuneytis



Mynd 15 Í kössunum á gólfinu eru geymd skjöl

Eins og talað er um í upphafi þessa kafla þá er gerð krafa um að hillur sem geyma skjöl séu ekki nær gólfinu en 15 cm og uppfylla níu skjalageymslur ráðuneytanna þær kröfur (spurning 2L). Þegar úttekt á skjalageymslunum fór fram voru í nokkrum ráðuneytum skjöl á gólfum en ljóst er að ef vatnstjón verður munu þau skjöl skemmast.

3.5 Eldvarnir

Eins og með vatnsleka stafar skjölum einnig mikil ógn af eldi enda pappír góður eldsmatur. Huga verður vel að eldvörnum á þeim svæðum og í þeim rýmum sem hafa skjöl að geyma, annars vegar til að koma í veg fyrir að eldur brjótist út og hins vegar til að lágmarka tjón ef eldur verður laus. Í skjalageymslum ættu að vera reykskynjarar tengdir við miðlægt viðvörunarkerfi ásamt handvirkum brunaboðum.⁹ Þá þurfa handslökkvitæki ávallt að vera til taks þó að sjálfvirkt slökkvikerfi sé til staðar í húsinu, ásamt því að brunaslanga sé til staðar sem ná til allra hluta byggingarinnar.¹⁰



Mynd 16 Rafmagnstöflur og netþjónar í skjalageymslu ráðuneytis



Mynd 17 Rafmagnsleiðslur í skjalageymslu ráðuneytis

9. ISO 11799:2003, bls. 4.

10. ISO 11799:2003, bls. 4-5.

Ýmis lög og reglugerðir gilda um brunavarnir hér á landi og uppfylla öll ráðuneytin kröfur um nauðsynlegan öryggisbúnað vegna brunavarna.¹¹ Þar er um að ræða reykskynjara, brunaboða sem hægt er að slá niður og slökkvitæki (spurning 2P). Ef eldsvoði brýst út er einnig mikilvægt að tefja útbreiðslu hans eins vel og kostur er og er þess vegna mælt með því að hurðir og veggir séu eldtefjandi. Af 19 skjalageymslum sem ráðuneytin ráða yfir eru eldvarnarhurðir í 13 þeirra. Einnig var spurt um eldvarnarveggi en fjögur ráðuneyti svöruðu því að veggirnir í skjalageymslum þeirra væru eldvarnarveggir. Allar skjalageymslur ráðuneytanna eru í steinsteyptu húsnæði en steinsteypa er eldtefjandi (spurning 2O). Þá er mælt með því að hvert geymslurými sé ekki stærra en 200 m² þar sem skjalageymslurnar eru taldar vera brunahólf. Engin af skjalageymslum ráðuneytanna er stærri en 200 m² (spurning 2Q). Í skjalageymslum sjö ráðuneyta er auðvelt að slá út rafmagn (spurning 2M).



Mynd 18 Reykskynjari í skjalageymslu eins ráðuneytis

3.6 Ljós, gluggar, veggir og gólf

Þá er mikilvægt að aðskotahlutir og dýr, hvort sem það eru nagdýr eða skordýr, hafi ekki greiðan aðgang að pappírsskjölum í geymslurýmum.

Birta sem kemst að skjölum, hvort sem hún er af sólarljósi eða frá rafmagnsljósum hefur niðurbrjótandi áhrif á pappír. Þess vegna þarf að huga að ljósgjöfum og gluggum í skjalageymslum. Glugga er að finna í skjalageymslum þriggja af 19 skjalageymslum sem ráðuneytin hafa yfir að ráða. Allir hafa gluggarnir tvöfalt gler, í tveimur tilfellum eru þeir opnanlegir, engir af gluggunum hafa dökkt gler eða að sérstaklega sé byrgt fyrir þá. Í engum af gluggunum er auðvelt fyrir aðskotahluti eða dýr að komast inn í skjalageymslurnar (spurning 2U). Hjá fimm ráðuneytum er að finna sjálfvirkan slökkvibúnað fyrir ljós í geymslunum en slíkt er ráðlegt gleymist að slökkva ljós (spurning 2N).

Ryk sem kemst að skjölum getur valdið skaða á þeim. Það þarf því að koma í veg fyrir að ryk safnist saman í skjalageymslum og tryggja að rykið fái ekki greiðan aðgang að pappírsskjölunum. Mælt er með því að gólf séu lökkuð eða dúklögð og veggir málaðir til að einfalda þrif og binda ryk sem gæti myndast ef ber steypa væri í geymslunni.¹² Veggir allra skjalageymslnanna í ráðuneytunum eru málaðir og þar með rykbundnir. Gólf eru jafnframt rykbundin. Í tíu skjalageymslum eru máluð steingólf en í níu eru gólfín lögð línólíumdúkum (spurning 2S og 2T). Í einni skjalageymslu var mikið ryk og var óskað úrbóta viðkomandi ráðuneytis.

11. Helstu lög og reglugerðir: Lög um brunavarnir nr. 75/2000, Reglugerð um þjónustuaðila brunavarna nr. 1068/2011, Reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun nr.198/1994, Reglugerð um eigið eldvarnaeftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði nr. 200/1994, Reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum nr. 614/2004.

12. *Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga*, bls. 85.

4. HVAD ÞURFTI AÐ BÆTA OG VIÐBRÖGÐ RÁÐUNEYTA

Eftir að unnið hafði verið úr niðurstöðum úttektanna var hverju ráðuneyti send skýrsla í desember 2015 með niðurstöðum um ástand skjalageymslna í þeirra umsjá. Áður höfðu skjalastjórar ráðuneytanna fengið tækifæri til að gera athugasemdir við skýrslurnar. Í bréfi sem fylgdi skýrslunum var jafnframt óskað eftir viðbrögðum ráðuneytanna og tímasettri áætlun um úrbætur. Í þessum kafla verður farið yfir athugasemdir Þjóðskjalasafns Íslands um skjalageymslur ráðuneytanna og tillögur til úrbóta.

4.1 Það sem betur mátti fara

Athugasemdir við skjalageymslur ráðuneytanna eru flokkaðar í 16 þætti, sbr. meðfylgjandi töflu. Í hægra dálki er fjöldi þeirra ráðuneyta sem athugasemdin á við. Í kafla 4.2 er farið yfir viðbrögð ráðuneytanna við athugasemdunum. Hægt er að smella á töluna í fjöldareitnum og færist skjalið þá í viðeigandi umfjöllun um viðbrögð ráðuneytanna við athugasemdinni.

| | Athugasemdir | Fjöldi ráðuneyta |
|----|--|------------------|
| 1 | Koma þarf fyrir tækjum sem stýra hita- og rakastigi. | 8 |
| 2 | Koma þarf fyrir mælitækjum sem fylgjast með hita- og rakastigi. | 7 |
| 3 | Setja þyrfti skynjara í geymslurými sem greina frá innbrotum. | 6 |
| 4 | Finna þarf annan stað fyrir hluti sem tilheyra ekki skjalasafni. | 6 |
| 5 | Koma þarf fyrir niðurföllum. | 6 |
| 6 | Ganga betur frá vatnsleiðslum og koma fyrir vatnsskynjurum. | 5 |
| 7 | Koma þarf fyrir sjálfvirkum slökkvibúnaði fyrir ljós. | 4 |
| 8 | Hækka þarf lægstu hillur í 15 cm hæð frá gólfi og sjá til þess að skjöl séu ekki geymd á gólfi geymslnanna. | 4 |
| 9 | Lækka þarf hitastig í geymslum. | 3 |
| 10 | Útbúa þyrfti aðstöðu í eða nálægt skjalageymslunum fyrir skjalaverði/skjalastjóra. | 3 |
| 11 | Styrkja þarf hurðir svo þær uppfylli kröfur um eldvarnir. | 2 |
| 12 | Koma þarf fyrir sjálfvirkum sleppibúnaði á hurðum. | 2 |
| 13 | Koma þarf netþjónum og rafmagnstöflum í annað herbergi en skjalageymslu. | 2 |
| 14 | Huga þarf að því að mengun berist ekki í skjalageymslu vegna nálægðar mengandi starfsemi. | 2 |
| 15 | Koma þarf upp tækjum til að bregðast við vatnstjóni fyrir skjalageymslur sem eru undir jarðvatnsyfirborði eða hæstu sjávarstöðu. | 1 |
| 16 | Byrgja fyrir glugga svo sólarljós nái ekki að skína inn. | 1 |

Tafla 3 Athugasemdir sem gerðar voru við skjalageymslur ráðuneytanna

4.2 Viðbrögð ráðuneytanna

Í bréfi sem fylgdi niðurstöðuskýrslum til hvers ráðuneytis óskaði Þjóðskjalasafn eftir viðbrögðum við niðurstöðunum og hvernig ætlunin væri að bregðast við ábendingum. Öll ráðuneytin svöruðu erindi Þjóðskjalasafnsins um umbótaáætlun í skjalageymslum ráðuneytanna. Tvö ráðuneyti svöruðu því að ekki væri hægt að setja upp tímasetta áætlun sökum framkvæmda og flutninga. Þau ráðuneyti sögðu hinsvegar að ábendingar Þjóðskjalasafns yrðu hafðar að leiðarljósi í þeim framkvæmdum og flutningum sem voru í farvatninu.

4.2.1 Koma þarf fyrir tækjum sem stýra hita- og rakastigi.

Öll ráðuneytin þurfa að setja upp búnað sem stýrir hita- og rakastigi í skjalageymslum. Flest ráðuneytin svöruðu því til að möguleikinn á kaupum á slíkum búnaði yrði kannaður eða það yrði gert við fyrsta tækifæri. Eitt ráðuneytið sagði hinsvegar sagði að ekki væri þörf á kaupum á slíkum búnaði þar sem mælingar á hita- og rakastigi hefðu komið vel út í úttektinni á skjalageymslunni.

4.2.2 Koma þarf fyrir mælitækjum sem fylgjast með hita- og rakastigi.

Öllum ráðuneytum fyrir utan eitt var bent á að þau þyrftu að koma sér upp mælitækjum fyrir hita- og rakastig, tvö ráðuneyti sögðu að það yrði gert á vormánuðum ársins 2016 og tvö ráðuneyti voru búin að koma sér upp búnaðinum áður en þessi skýrsla var rituð. Eitt ráðuneytið sagði þá að mælitæki fyrir hita- og rakastig yrðu keypt við fyrsta tækifæri.

4.2.3 Setja þyrfti skynjara í geymslurými sem greina frá innbrotum.

Í sex af átta ráðuneytum var þörf á að koma upp skynjurum í skjalageymslum til að gera viðvart um innbrot. Eitt ráðuneyti brást strax við ábendingunni og kom upp skynjurum í geymslunni. Tvö ráðuneyti voru með slíka skynjara á áætlun en ekki með nákvæma tímasetningu á hvenær þeim yrði komið upp. Eitt ráðuneyti taldi að varnir gegn innbrotum væru nægar fyrir utan skjalageymsluna og tilkynnti að ekki yrði komið fyrir slíkum skynjara. Tvö ráðuneyti voru með slíka skynjara á áætlun en ekki með nákvæma dagsetningu en tvö ráðuneyti stóðu í flutningum og framkvæmdum.

4.2.4 Finna þarf annan stað fyrir hluti sem tilheyra ekki skjalasafni.

Meirihluti ráðuneytanna nýtir skjalageymslur sínar undir aðra hluti en skjöl en hjá sex ráðuneytum af átta var slíkur háttur hafður á, en t.d. var í skjalageymslum að finna jólasbraut og húsgögn. Óæskilegt er að skjalageymslur séu notaðar undir aðra hluti en skjöl þar sem óviðkomandi þurfa aðgang að geymslunni auk þess sem aukinn umgangur getur haft það í för með sér að ryksöfnun og hita- og rakasveiflur verði meiri en ulla. Eitt ráðuneytanna taldi að ekki væri þörf á að bregðast sérstaklega við þessu þar sem umgangurinn, sem hlytist af því að geyma aðra hluti en skjöl í skjalageymslu, væri svo lítill að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af slíku. Þrjú ráðuneytanna ætluðu að bregðast við ábendingunni. Hjá tveimur ráðuneytum standa flutningar fyrir dyrum og því töldu þau að ekki væri þörf á að gera grein fyrir ráðstöfunum.

4.2.5 Koma þarf fyrir niðurföllum.

Mælt er með því að niðurföll séu í skjalageymslum því ef vatn kemst inn í geymslurnar þarf það að eiga greiða leið út úr geymslunni aftur, t.d. ef vatnsleiðslur og ofna er að finna í geymslunum eða að vatn flæðir utan frá. Sex ráðuneyti fengu athugasemd um að niðurföll vantaði. Eitt ráðuneyti hafði þó yfir að ráða brunndælu sem talið væri nóg að hafa ef vatn kæmist inn í geymsluna. Tvö ráðuneytanna tilkynntu að niðurföllum yrði komið fyrir, annað nefndi að úrbætur yrðu gerðar fyrir 1. maí 2016 en hitt nefndi ekki nákvæma dagsetningu. Eitt ráðuneyti sagði að hverfandi líkur væru á vatnsflóðum í skjalageymslunni hjá sér og taldi því ekki þörf á úrbótum um þetta atriði. Hjá tveimur ráðuneytum standa flutningar og endurbætur fyrir dyrum og því ekki talin þörf á að gera úrbætur.

4.2.6 Ganga betur frá vatnsleiðslum og koma fyrir vatnsskynjurum.

Vatnsleiðslur eiga helst ekki að vera í skjalageymslum en í fimm ráðuneytum voru vatnsleiðslur í geymslum. Í tillögum Þjóðskjalasafns var bent á að huga þyrfti að því að vatnsleiðslur yrðu leiddar framhjá geymslum eða að gengið yrði frá þeim þannig að skemmdir yrðu sem minnstar ef leiðslurnar færu að leka. Tvö ráðuneyti tilkynntu að málið yrði skoðað. Eitt ráðuneyti ákvað að hætta notkun skjalageymslu þar sem vatnsleiðslur voru til staðar og annað ráðuneyti var með það á framkvæmdaáætlun að gera úrbætur. Hjá einu ráðuneyti voru flutningar framundan og því ekki ljóst hvernig skjalageymslum yrði háttáð hjá þeim í framtíðinni.

4.2.7 Koma þarf fyrir sjálfvirkum slökkvibúnaði fyrir ljós.

Mælt er með því að sjálfvirkur slökkvibúnaður sé á ljósum í skjalageymslum til að ljós logi ekki að óþörfu, t.d. ef gleymist að slökkva þau. Í fjórum ráðuneytum var ekki slíkur búnaður fyrir hendi. Tvö ráðuneytanna settu það strax á framkvæmdaáætlun að koma upp slíkum búnaði en tvö gátu ekki brugðist við athugasemdinni vegna óvissu vegna flutninga og endurbóta.

4.2.8 Hækka þarf lægstu hillur í 15 cm hæð frá gólfi og sjá til þess að skjöl séu ekki geymd á gólfi geymslnanna.

Hillur í skjalageymslu eiga að vera minnst 15 cm frá gólfi, t.d. til að lágmarka tjón ef vatnsflóð verður. Fjögur ráðuneyti fengu ábendingu um að hillur í skjalageymslum væru minna en 15 cm frá gólfi. Í einu ráðuneyti var brugðist strax við og hillur hækkaðar strax. Í tveimur ráðuneytanna var tilkynnt að farið yrði í úrbætur sem fyrst. Í fjórða ráðuneytinu stóðu yfir flutningar og því ekki brugðist við athugasemdinni.

4.2.9 Lækka þarf hitastig í geymslum.

Í þremur ráðuneytum var hitastig í skjalageymslum of hátt. Eitt ráðuneytanna tilkynnti að brugðist yrði við þessu við fyrsta tækifæri og annað að farið yrði í úrbætur á vormánuðum 2016. Í svörum þriðja ráðuneytisins kom fram að ekki væri hægt að lækka hitastig í geymslum nema að kaupa sérstakan búnað til þess en ekki fylgdu með upplýsingar um hvort það yrði gert.

4.2.10 Útbúa þyrfti aðstöðu í eða nálægt skjalageymslunum fyrir skjalaverði/skjalastjóra.

Þremur ráðuneytanna var bent á að koma þyrfti upp aðstöðu fyrir starfsfólk skjalasafns til að ganga frá skjölum og leita í þeim. Tvö ráðuneytanna tilkynntu að brugðist yrði strax við athugasemdinni en það þriðja stóð í endurbótum á húsnæði sínu og gat ekki sagt til um hvað yrði gert.

4.2.11 Styrkja þarf hurðir svo þær uppfylli kröfur um eldvarnir.

Í tveimur ráðuneytanna voru ekki eldvarnarhurðir í skjalageymslum. Annað þeirra ráðuneyta sem ekki var með eldvarnarhurð gat ekki brugðist við athugasemdinni þar sem flutningar stóðu yfir en hitt var með það á framkvæmdaáætlun að setja upp slíkar hurðir.

4.2.12 Koma þarf fyrir sjálfvirkum sleppibúnaði á hurðum.

Þar sem búnaður er til að halda hurðum í geymslum opnum er mælt með því að sjálfvirkur sleppibúnaður sé á hurðunum svo þær haldist ekki opnar of lengi. Tvö ráðuneytanna voru ekki með slíkan sleppibúnað á hurðum en annað þeirra gat ekki brugðist við athugasemdinni vegna flutninga og hitt var með það á framkvæmdaáætlun að setja slíkt upp.

4.2.13 Koma þarf netþjónum og rafmagnstöflum í annað herbergi en skjalageymslu.

Netþjónar og rafmagnstöflur ættu ekki að vera í skjalageymslum eða nálægt þeim en eldhætta getur stafað af slíkum búnaði. Tveimur ráðuneytum var bent á að haga því þannig að netþjónar eða rafmagnstöflur væru ekki í skjalageymslum þeirra. Annað ráðuneytanna gat ekki brugðist við athugasemdinni vegna flutninga og hitt ráðuneytið sagði að ekki væri um netþjóna eða rafmagnstöflur að ræða heldur einungis annan óverulegan búnað sem ekki væri unnt að færa. Húsið sem skjalageymslan var í var að auki búið öllum mögulegum eldvarnarbúnaði sem drægi úr hættunni á eldi í skjalageymslu.

4.2.14 Huga þarf að því að mengun berist ekki í skjalageymslu vegna nálægðar mengandi starfsemi.

Allskyns mengun, ryk og óhreinindi geta farið illa með skjöl og því er mikilvægt að skjalageymslur séu ekki nálægt stöðum sem gefa frá sér mengun eða þá því sé komið þannig fyrir að mengunin berist ekki yfir í skjalageymsluna. Í tveimur ráðneytum voru skjalageymslur þeirra nálægt stöðum sem mengun og/ eða eldhætta gæti stafað af. Í svörum annars ráðuneytisins kom fram að útsogskerfi væri öflugt sem kæmi í veg fyrir að mengun bærist yfir til skjalanna. Hitt ráðuneytið sem fékk þessa athugasemd sagðist ætla að koma fyrir síu á blásara sem blæs upphituðu lofti inn í skjalageymsluna, sem draga ætti úr hættu á mengun.

4.2.15 Koma þarf upp tækjum til að bregðast við vatnstjóni fyrir skjalageymslur sem eru undir jarðvatnsyfirborði eða hæstu sjávarstöðu.

Mælt er með því að skjalageymslur séu ekki undir sjávarborði eða hæstu sjávarstöðu en flóð geta orðið og eyðilaggt skjölin í skjalageymslu. Eitt ráðuneyti er með skjalageymslu sína undir sjávaryfirborði eða hæstu sjávarstöðu. Í svörum ráðuneytisins kom fram að í skjalageymslunni væri brunndæla sem dældi út vatni ef flóð yrði.

4.2.16 Byrgja fyrir glugga svo sólarljós nái ekki að skína inn.

Ljósgjafar geta haft niðurbrotsáhrif á pappír og því er mikilvægt að ljós komist sem minnst að skjölum. Í skjalageymslu eins ráðuneytis voru gluggar óbyrgðir þannig að sólarljós átti greiða leið inn í geymsluna og var bent á að gluggana þyrfti að byrgja, t.d. með dökkri filmu. Í svörum ráðuneytisins kom fram að það teldi að lítið sólarljós bærist inn en að skoðað yrði að byrgja fyrir gluggann í tengslum við annað viðhald.

5. EFTIRFYLGNI OG NÆSTU SKREF

Í svörum allra ráðuneyta kom fram að þau væru að vinna að eða hefðu á áætlun úrbætur á skjalageymslum samkvæmt tillögum Þjóðskjalasafns. Þjóðskjalasafn hyggst fylgja úttektinni eftir á árinu 2017 og óska upplýsinga hjá hverju ráðuneyti fyrir sig um hvernig hafi verið brugðist við ábendingum safnsins. Þá mun safnið jafnframt óska eftir að hvert ráðuneyti óski samþykktar á skjalageymslum skv. kröfum safnsins.¹³

13. Sjá beiðni um samþykkt á skjalageymslum á vef Þjóðskjalasafns Íslands, http://skjalasafn.is/files/docs/R01_Skjalageymslur.dot.

VIÐAUKI 1

– Spurningalisti notaður við úttekt á skjalageymslum

Úttekt á skjalageymslum

Ráðuneyti: _____

Starfsmenn ÞÍ: _____

Tengiliður: _____

Dags. og staður: _____

Heimilisfang: _____

1. Upplýsingar um skjalageymslu

A) Heiti skjalageymslu og auðkenni:

B) Hverjir hafa aðgang að skjalageymslu?

Allir starfsmenn

Skjalastjóri

Forstöðumaður

Aðrir. Hverjir:

C) Er skjalageymslan undir sjávarborði eða hæstu sjávarstöðu?

Undir sjávarborði

Undir hæstu sjávarstöðu

Nei

2. Úttekt á skjalageymslu

A) Er eitthvað annað geymt í geymslunum en skjöl?

Já

Nei

Ef já, hvað?

B) Er geymslan samnýtt með öðrum aðila eða annarri stofnun sem hefur einnig aðgang að henni?

Já

Nei

C) Hvernig er aðgengismálum háttað í skjalageymslunni?

D) Er aðstaða fyrir skjalavörð að ganga frá, leita og sækja skjöl í geymsluna?

Já

Nei

E) Eru vatnsleiðslur í geymslurýminu?

Já

Nei

Ef já, hvernig er frágangur vatnsleiðslanna?

F) Er niðurfall í geymslunni?

Já

Nei

G) Hvert er almennt hitastig í geymslunni?

Er hitamælir í skjalageymslunni?

Já

Nei

H) Er hitastig vatns í ofnakerfum í geymslurými hærra en 60°C?

Já

Nei

I) Er hitastig lækkað á nóttunni eða um helgar til að spara orku?

Já

Nei

J) Hvert er rakastig í geymslunni?

Er rakamælir í geymslunni?

Já

Nei

K) Er hægt að stjórna raka- og hitastigi í geymslunni?

Já

Nei

L) Eru skjöl geymd nær gólfi en 15 cm?

Já

Nei

Ef já, útskýrið nánar hvernig skjölin eru geymd (t.d. á brettum eða í hillum sem ná ekki 15 cm hæð).

M) Er hægt að slá út rafmagni í geymslu á auðveldan hátt?

Já

Nei

N) Er sjálfvirkur slökkvibúnaður fyrir ljós í geymslunni?

Já

Nei

O) Er skjalageymslan sérstaklega eldvarin (eldvarnarveggir, eldvarnarhurð)?

Eldvarnarhurðir

Eldvarnarveggir

Nei

P) Er nauðsynlegur öryggisbúnaður til staðar?

Slökkvitæki

Hvernig slökkvitæki?

Duftslökkvitæki

Kolsýruslökkvitæki

Léttvatnsslökkvitæki

Vatnsslökkvitæki

Vatnsslanga

Reykskynjari

Brunaboði

Nei

Q) Eru brunahólf stærri en 200m²?

Já

Nei

Ef já, hversu stór eru brunahólf?

R) Er geymslan nálægt starfsemi þar sem er eldhætta eða mengun?

Já

Nei

S) Hvernig er gólfefnið í geymslunni?

Línólíumdúkur

Flísar

Teppa

Steingólf

Ef gólfíð er steingólf, er það rykbundið?

Já

Nei

T) Eru veggir og loft rykbundin og máluð?

Já

Nei

Ef nei, hvernig er frágangur veggja og lofts?

U) Eru gluggar í geymslunni?

Já

Nei

Ef já, hafa þeir annað hvort dökkt gler eða hefur verið birgt fyrir þá?

Já

Nei

Ef já, er tvöfalt gler?

Já

Nei

Ef já, eru opnanlegir gluggar í geymslunni?

Já

Nei

Ef já, eiga aðskotahlutir / óviðkomandi greiðan aðgang?

Já

Nei

V) Hvað tekur skjalageymslan marga hillumetra skjala?

W) Hvað eru margir hillumetrar skjala varðveittir í skjalageymslunni?

Þ) Hvaða skjöl eru í geymslunni? (Trúnaðarskjöl t.d.)

VIÐAUKI 2

– Bréf til ráðuneytisstjóra



ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Reykjavík 12. júní 2014
Tilv. 1403038/1.4.1

Efni: Úttekt á skjalageymslum Stjórnarráðs Íslands

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014 er hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands eftirlit með skjalavörslu afhendingarskyldra aðila. Hluti af því eftirliti felst í því að samþykkja skjalageymslur sem afhendingarskyldir aðilar nota til að varðveita skjöl sín.

Nú á næstu mánuðum er fyrirhugað að gera úttekt á skjalageymslum allra ráðuneyta með heimsókn og skoðun. Stefnt er að því að fyrsta heimsóknin í þessum tilgangi verði í ágústmánuði.

Vegna undirbúnings úttektarinnar er óskað eftirfarandi upplýsinga frá hverju ráðuneyti:

- Nafn tengiliðar, ásamt tölvupóstfangi hans, sem hægt er að hafa samband við og getur tekið á móti starfsfólki Þjóðskjalasafns, fylgt því í úttektarheimsókninni, ásamt því að veita upplýsingar um skjalageymslurnar.
- Hvað hefur ráðuneytið yfir mörgum skjalageymslum að ráða og hvar eru þær (heimilsfang)?
- Hvaða starfsmenn hafa aðgang að skjalageymslunum?
- eru einhverjar skjalageymslur undir jarðvatnsyfirborði eða hæstu sjávarstöðu?

Þess er farið á leit að upplýsingar þessar verði sendar Þjóðskjalasafni fyrir 15. júlí 2014. Í kjölfarið verður haft samband við tengiliðinn og dagsetning heimsóknar í skjalageymslur ráðuneytisins ákveðin. Áætlað er að hver heimsókn taki á bilinu 40-60 mínútur.

Þegar úttektarheimsóknnum er lokið verður unnið úr þeim upplýsingum sem fram hafa komið og hverju ráðuneyti sendar upplýsingar um skjalageymslur þeim tilheyrandi. Jafnframt verða heildarniðurstöðurnar gefnar út í skýrslu á haustmánuðum.

Meðfylgjandi er spurningalisti sem farið verður yfir í úttektarheimsókninni.

Virðingarfyllt,

Eiríkur G. Guðmundsson
Þjóðskjalavörður



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Október 2016